

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. mars 2016 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. febrúar 2016.

Breytingin nær til um 15 ha reits sem er skilgreindur með blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og svæðis fyrir þjónustustofnanir (Í11/Þ6) og er kenndur við NLFÍ. Í stað blandaðrar landnotkunar er reitnum skipt upp í íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og svæði fyrir verslun og þjónustu þar sem heilsutengd hótelferð er fyrirhuguð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 2. mars 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2016